

(28) Fundur Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar 3 júní 2008,
Fundartími 20:30 til 22:15 í Brekkuskóla.

Mættir á fundinn eru: Bergljót Þrastardóttir, Anna Kristveig Arnardóttir, Viktoria Gestsdóttir og Jón Hjaltason.

Kristín Kjartansdóttir fráfarandi ritari kom og gaf upplýsingar um fundargerðir og hvar gögn nefndarinnar eru geymd í Brekkuskóla.

Eftirfarandi atriði voru tekin fyrir á fundinum

1. Skipan starfa innan nefndarinnar.

Formaður: Bergljót Þrastardóttir formaður

Ritari: Anna Kristveig Arnardóttir

Meðstjórnendur: Harpa Dögg Hjarðar, Jón Einar Haraldsson (Lambi),
Jón Hjaltason, Sigurður Jónsson og Viktoria Særún Gestsdóttir.

2. Farið yfir deiliskipulagsbreytingu á Spítalvegi frá Skipulagsdeild Akureyrar.

Nefndin hefur kynnt sér tillögur að endurskoðun deiliskipulags Spítalavegar og vill gera eftirfarandi athugasemdir við tillögurnar:

- Skipulagssvæðið er hluti af innbænum og þeirri bæjarmynd sem reis hér á 19. öld. Útlit og skipulag húsa á svæðinu hefur því menningarsögulegt gildi sem ber að virða á þann hátt að blanda ekki saman húsum sem eru alls ólík þessari gömlu bæjarmynd. Erlendis eru gamlir hlutar bæja og borga það sem fólk sækir í að skoða og því eru ráðamenn í auknum mæli að varðveita slík hverfi í sinni upprunalegu mynd. Ef nauðsynlegt er að þetta byggð í því óreglulega húsaskipulagi sem fyrir er ætti að gera það með hliðsjón af því skipulagi og í sama byggingarstíl og fyrir er.
- Íbúar hverfisins eru mjög óánægðir með þessa deiliskipulagstillögu en eru jafnframt með margar góðar hugmyndir fyrir svæðið sem gætu þjónað bæjarbúum öllum eins og göngu- og hjólastíg sem myndi tengja saman brekku og innbæ og opna leið bæjarbúa á milli hverfa en hverfisnefnd hefur einmitt bent á nauðsyn þess að tengja þessi tvö hverfi betur fyrir fótgangandi og hjólandi vegfarendur.

Nefndin vonar að skipulagsdeildin og ráðamenn bæjarins taki tillit til sjónarmiða íbúa og taki tillit til menningarsögulegs gildis íbúðahúsa í því gamalgróna hverfi sem hér er um að ræða.

3. Farið yfir þau mál sem við í nefndinni viljum setja á oddin næsta starfsár.

- I. Gera nefndina sýnilegri.
- II. Skátagilið, brúin ónýtt, mikið drasl og ekkert hirt um svæðið. Búið að teikna svæðið oft upp en engar framkvæmdir.
- III. Þórunnarstræti, vantar lýsingu – ljóskastara við gangbraut hjá Hólmasól og gera hana meira áberandi. Mikill umferða hraði og svifrik við götuna.
- IV. Umferðahraði í hverfinu, hvernig er hægt að ná honum niður, sérstaklega þar sem hámarkshraði er 30 km.

- V. Öryggi barna í hverfinu, búið að fækka gangbrautarvörðum við t.d. Þingvallastræti. Rætt um að gera göngu barna í skólan öruggari nefnt sem dæmi að á hinum norðurlöndunum taka “eldir”borgarar oft að sér að ganga ákveðna leið að grunnskólum á morgnanna og “safna saman” börnunum og ganga með þeim í skólann.
 - VI. Vorhátíð – Carnival stemming. Halda vorhátíð 2009 og fá þá með okkur skólana í hverfinu þá sérstaklega Brekkuskóla og sem flesta aðila / fyrirtæki og stofnanir í hverfinu til að gera þetta að góðri stund.
 - VII. Færa aðalfund fram á haust í von um betri fundarsókn.
4. Önnur mál. Horfa vel í kringum sig í sumar og mæta með fullt af nýjum hugmyndum eftir sumarið.

Næsti fundur nefndarinnar er 9 september kl 20:30 í Brekkuskóla.